

Foreldra- og skólaráðsfundur #1

22. október 2020 kl. 17:00

Mættir eru: Signý Sverrisdóttir skólastjóri, Bozena Turek fulltrúi foreldra grunnskólastigs, Jörundur Garðarsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ágústa Mattý fulltrúi starfsfólks, Lára Þorkelsdóttir fulltrúi kennara frá leiksskólastigi, Klara Berglind Hjálmasdóttir fulltrúi kennara frá grunnskólastigi, Nanna Dís og Elva Lind fulltrúar nemenda.

Fjarverandi eru: Sara Hreiðarsdóttir fulltrúi foreldra leiksskólastigs.

Fundaritari: Klara Berglind Hjálmasdóttir

1. Staðan í skólaráði

Núverandi aðilar sitja áfram í vetur þar sem kosið var síðsta vetur og kosið til tveggja ára í senn. Minni á að allar upplýsingar eru inni á heimasíðu skólans undir foreldra- og skólaráð. Þar koma einnig inn allar fundargerðir. Stefni framvegis á að senda gögn komandi fundar 1-2 vikum fyrir fund en náði því ekki að þessu sinni.

2. Boðun funda, fundarritun og fundartími

Fundir verða boðaðir eins og áður með tveggja vikna fyrirvara. Bið fulltrúa vinsamlegast um að svara póstunum, hvort þeir sjái sér fært að mæta eða ekki því ef of marga vantar þarf að finna annan fundartíma.

Klara Berglind er tilbúin að taka að sér að vera fundarritari áfram. Ef allir samþykkja það megið þið rétta upp hönd.

Eins og kom fram á áætluninni er áætlaður fundartími þriðji fimmtudagur í mánuði kl.17:00 og áætlaðir eru 5 fundir í vetur, þessi fyrsti fundur í dag og svo í nóvember, janúar, mars og maí. Vonandi getum við hist í vetur hérna í skólanum en þangað til annað kemur í ljós munum við funda í gegnum Zoom eða Teams.

Leggja fram starfsáætlun og bera upp til samþykktar. Sendi öllum afrit í pósti en bendi á að áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar sem alltaf geta orðið.

3. **Skólastjóri segir frá starfsáætlun** Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku. Hún er aðgengileg á heimasíðu Bíldudalsskóla. Helstu nýjungar þar má nefna breytingar á tímaskipulagi í stundaskrá Bíldudalsskóla. Einnig er til reynslu einn valttími hjá miðstigi og þrír hjá eldra stigi. Allar upplýsingar er varða skólastarfið má finna í starfsáætlun skólanna.
4. **Ársskýrslan**, fara yfir hana og segja frá hvernig hún var unnin. Verður líklega öðruvísi næsta vor.
5. **Innra mats skýrsla** Kynning, fara yfir helstu þætti hennar
6. **Niðurstöður úr lesfimiþrófum** sýna mun á milli árs og frá síðustu prófum
7. **Önnur mál** Ekki fleira tekið fyrir.

Fundi slitið kl.17:40